

Upplýsingar um réttindi hluthafa

Aðalfundur í Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

11. mars 2016

Eftirfarandi reglur gilda um þátttöku og atkvæðagreiðslu á aðalfundi:

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá aðalfundar: Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu (stjorn@sjova.is) um það til stjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Tillögunni skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar eigi síðar en viku fyrir boðun aðalfundar. Kröfu má gera síðar en þó í síðasta lagi tíu dögum fyrir aðalfundinn. Félagsstjórn skal a.m.k. þremur dögum fyrir fundinn upplýsa hluthafa með öruggum hætti um kröfuna og eftir atvikum tillöguna, svo og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá fundarins, til dæmis á vef félagsins. Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá er ekki hægt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa í félaginu en gera má um þau ályktanir til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Þremur vikum fyrir aðalfund skulu liggja fyrir dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda.

Réttur til setu á hluthafafundum: Rétt til þátttöku í hluthafafundum hafa allir hluthafar, endurskoðendur félagsins og framkvæmdastjóri. Hluthafa er heimilt að sækja fundi ásamt ráðgjafa, sem hvorki hefur málfrelsi, tillögurétt né atkvæðarétt. Einnig má hluthafi fela umboðsmanni að sækja fyrir sig fundi og skal hann leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð (stjorn@sjova.is) og skal það dagsett. Umboðið gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess.

Atkvæðavægi og atkvæðagreiðslur: Hluthafar hafa eitt atkvæði fyrir hvern einnar krónu hlut sem þeir eiga í félaginu. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum, sem félagið á sjálft. Þá fylgir ekki atkvæðisréttur fyrir hlutabréf, sem dótturfélag kann að eiga í félaginu. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félagsins eða landslögum. Samþykktum félagsins verður einungis breytt á hluthafafundi þar sem farið er með atkvæði fyrir meira en 2/3 hlutafjár og breyting samþykkt með eigi minna en 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með á fundinum.